



Kennsluáætlun

Textílmennt

Veturinn 2017-2018

5. og 6. bekkur

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflí sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn færst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið **við lok 7. bekkjar** samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

Handverk, aðferðir og tækni.

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,
- fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum,
- unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla.

- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,

- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

Menning og umhverfi.

- fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni,
- gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna,
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir,
- gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Grunnbættir

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnbættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsefni:

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

Markmið í 5. og 6. bekk þar sem horft er til hæfnimarkmiða mið stigs samkvæmt aðalnámsskrá:

Að nemendur hafi

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,
- fjallað um bómull í efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum,
- unnið með einföld snið og uppskriftir.
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- kynnst nokkrum útsaumssporum
- unnið eftir verklýsingum
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,
- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
- Þjálfast að sauma í saumavélinni
- náð tókum á uppfítjun og garðaprjóni
- tekið þátt í umræðu um eigin textílverk og annarra
- hlustað og fylgt leiðbeiningum kennara
- unnið af áhuga og samvirkusemi
- þjálfað frjóa og skapandi hugsun
- sýnt umburðarlyndi og hjálpssemi
- vandað frágang á verkefnum
- gengið frá eftir sig
- gengið vel um tól og tæki í kennslustofunni

Sniðið: Leturgerð: 11 pkt., Leturgerð fyrir tengiskrift: 11 pkt.

Sniðið: Inndráttur: Fyrir: 0.59", Engin áherslumerki eða tölusetning

Leiðir:

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

Sniðið: Auðkennt**Verkefni skólaárið 2017-2018**

- 1. Leikni í vélsaum** -Upprifjun á saumavél og helstu atriði hennar. Farið verður í nokkrar leikniæfingar og verkefni útfært á profustykki.
- 2. Vélsaumur** -Sauma bangsa. Sníða sjálf og læra um saumfar. Vinna sjálfstætt eftir verklýsingum. Bangsa verkefnið í heild sinni er samþætt verkefni myndmenntar textíl- og tæknimenntar.
- 3. Saumur í vél og hönd** Nemendur sauma **sængurverasett fyrir bangsann** sem skreytt verður með útsaumuðu mynstri að eigin vali nemendans sem og textílþrykki eða málun eftir löngun hvers og eins. Hægt að nýta internetið, bækur, blöð eða teikna sjálf mynstrið. Nemendur vinna eftir eigin verkeikningum. Nemendur fá aðstoð við að finna góð kennslumyndböndum á netinu.
- 4. Prjón** -Prjóna fót á bangsann eins og tíminn leyfir. Allir eiga a.m.k. að ljúka við húfu þar sem nemendur þjálfa slétt og brugðið prjón.
- 5. Sjálfsmat** -Nemendur meta vinnuna í bangsaverkefninu.
- 6. Efnisfræði** - Kynning á bómull, silki og hör.

Sniðið: Leturgerð: (Sjálfsgefið) +Meginmál (Calibri), 11 pkt., Ekki Feitletur, Leturgerð fyrir tengiskrift: 11 pkt., Ekki Feitletur**Sniðið:** Leturgerð: Feitletur**Aukaverkefni:**

- Prjóna auka fót á bangsa
- Hekla lítið stykki
- Aðrar hugmyndir í samvinnu við kennara

Sniðið: Leturgerð: Feitletur

Birt með fyrirvara um breytingar
Kristbjörg Hermannsdóttir

← **Snioid:** Miõjaõ